

Alþingi
Erindi nr. P 139/793
komudagur 8. 12. 2010



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðinefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 6.12.2010

Efni: Umsögn um fúmvarp til laga um breyting á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr.18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að vera beðin um umsögn um ofangreint mál og fagnar ennfremur efni frumvarpsins. Við viljum benda á ályktun aðalfundar félagsins frá október síðastliðnum þar sem fram kemur skoðun félagsins og segir m.a.

Læknafélag Íslands telur að sameina beri embætti landlæknis og Lýðheilsustöðvar undir merki Landlæknisins. Lí minnir á, að á sínum tíma taldi félagið ekki forsendur fyrir sérstakri stofnun um þau verkefni, sem Lýðheilsustöð voru falin. Læknafélag Íslands telur, að eftirlit það og ráðgjöf, sem fylgja embætti landlæknis og byggja á viðtækri upplýsingaöflun um framkvæmd heilbrigðisþjónustu og um lýðheilsu, krefjist sjálfstæðis embættisins gagnvart heilbrigðisráðherranum.

Að mati Lí er skilyrði að æðsti embættismaður hverskonar eftirlits með lækningum landsmanna sé læknir. Til að tryggja trúnað og gagnkvæman áhuga á rétttri greiningu og meðferð sjúkdómanna og framgangi lýðheilsu markmiða telur Læknafélag Íslands eðli málsins samkvæmt sjálfgefið að fela lækni þá miklu ábyrgð, sem felst í eftirliti með öllum heilbrigðisstéttum og ráðgjöf fyrir stjórnvöld.

LÍ vill þó nota tækifærið og koma á framfæri ábendingum annarsvegar varðandi 6.gr. um Lýðheilsusjóð en þar er lagt til að hætt verði að eyrnamerkja 0.9% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarna, en peningarnir renni beint til sjóðsins. Lí vill í þessu samhengi benda á að góður árangur hefur náðst á undanförunum árum m.a. með starfi Tóbaksvarnarráðs. Það er þó enn þörf á áframhaldandi upplýsingum, og mælumst við til að tryggðir verði peningar til tóbaksvarna.

Í öðru lagi viljum við koma á framfæri ábendingum varðandi 17. gr. liðinn um dánarvottorð. Félagið óttast að niðurkurður á fjárframlögum vegna utanumhald um dánarmeinasrá sem ætlaður er, eins og fram kemur í umsögn fjármálaráðuneytisins, sé mikil afturför. Reynslan hefur sýnt að 5-10% af vottorðum eru rangt eða illa útfyllt og aðkoma læknis við kóðun dánarmeina í þessum tilvikum nauðsynleg.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

A handwritten signature in black ink, reading "Birna Jónsdóttir". The signature is written in a cursive, flowing style.

Birna Jónsdóttir
formaður